

stöðum okkar þar sem gengið er út frá ýmsum faglegum forsendum. Ég verð að játa að allt frá því að ég fór að starfa sem félagsráðgjafi, fyrst í Noregi og síðar hér á Akureyri, hef ég af einhverjum ástæðum átt erfitt með að þola þetta stöðuga fagtal sem á stundum verður allt að því óþolandi að mfnu mati.

Einhver kann að hugsa sem svo að þessi tilfinning mín stafi af faglegu sveltí mínu og má svo vel vera en mér finnst að við félagsráðgjafar ættum að taka upp ofurlítið aðra stefnu. Hættum að segja þeim sem á okkur hlusta, hvort sem það eru læknar, sálfræðingar eða aðrir félagsráðgjafar, hvað við séum klár í þessu eða hinu og því sé þessum stéttum nauðsyn að bera virðingu fyrir okkur.

Minnkum fundasetur sem oft á tíðum felast í leiðindapvaðri sem flestir viðstaddir hafa heyrt áður á öðrum fundi, jafnvel sama dag.

Reynum að leggja meiri áherslu á að láta verkin tala, beina kröftum okkar að vinnunni sem við erum ráðin til að leysa af hendi.

Ef við erum jafn klár og við viljum vera láta kemur það best fram í verkunum sem við vinnum og ég tel að við getum aðeins öðlast öryggi í starfi með því að upplifa að við ráðum við verkefni okkar og öðlumst á þann hátt virðingu samstarfsmanna, skjólstæðinga og annarra er fylgjast með störfum okkar. Að sjálfsögðu á ég ekki við að félagsráðgjafar hætti að lesa sér til eða fara á námskeið, ráðstefnur eða jafnvel í framhaldsnám. Allt slíkt er af hinu góða innan hóflega marka og við hér á ráðgjafardeildinni höfum reynt að halda kunnáttu okkar við og jafnvel bæta við hana með því að elta uppi slík tilboð. Við höfum einnig gert nokkuð af því að heimsækja aðrar stofnanir sem eru

að vinna svipuð verkefni og við og hafa flestar þessar heimsóknir verið mjög gagnlegar.

Á Akureyri eru búsettir sjö félagsráðgjafar og eru fjórir þeirra starfandi sem slíkir. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að halda hópinn, með misgóðum árangri og nú er staðan sú að ekki er um neitt skipulagt samstarf að ræða en við hittumst ef ástæða gefst, eins og t.d. vegna undirbúnings þessarar ráðstefnu. Við héma greiðum að sjálfsögðu félagsgjöld okkar eins og við er að búast en satt best að segja finnst okkur við greiða þessa peninga út í loftið án þess að fá nokkuð fyrir þá. Í framhaldi af því vildi ég leggja til að sú regla kæmist á að greitt yrði fargjald og upphald fyrir tvo fulltrúa frá okkur norðanmönnum á ársfundi félagsins.

Áður en ég lýk máli mínu stenst ég ekki að nefna þá staðreynd, sem reyndar hefur margsinnis verið staglast á í gegnum árin, þ.e. hve leiðin frá Reykjavík til Akureyrar er mun torveldari og erfiðari yfirferðar á allan hátt en leiðin frá Akureyri til Reykjavíkur.

Í gegnum árin höfum við félagsráðgjafar á Akureyri sem og annars staðar á landinu sótt ýmis námskeið og ráðstefnur til Reykjavíkur og ekki þótt það sérstakt tiltökumál. Í þessum ferðum þurfum við ofulega að greiða hluta af ferðakostnaði úr eigin vasa, búa hjá ættingjum og vinum til að spara og fara jafnvel suður að morgni og heim að kvöldi í miðri vinnuvíku. Það er svolítið broslegt að bera þessar ferðir okkar suður yfir heidar saman við umræðurnar um undirbúning þessarar ráðstefnu þó að ég hafi reyndar ekki fylgst með honum nú síðustu mánuðina.

Vorið 1988 kvartaði ég sáran undan því við Láru Björnsdóttur hve

HÍ stæði sig illa þegar um verknám nema í félagsráðgjöf væri að ræða og í framhaldi af því bað Lára mig að tala um félagsráðgjafa á landsbyggðinni á fræðslufundi félagsins. Ég var að því komin að fæða barn og óskaði þess vegna eftir því að slíkur fræðslufundur yrði haldinn á Akureyri þar sem ég ætti erfitt með að skipuleggja ferð til Reykjavíkur. Lára taldi slíkt óhugsandi því að sennilega mundi enginn mæta nema við hér fyrir norðan. Sú hugmynd kom þá fram að eitthvað meira yrði gert um leið í von um að fleiri kæmu og var talið skynsamlegt að hittast öðru hvorum megin við páskana til að sunnanmenn gætu gert ferðina að fjölskylduferð í tengslum við páskafrí. Þetta gekk ekki en ljóst var að nauðsynlegt var að halda fundinn öðru hvorum megin við helgi og að einn dagur var full lítið þegar fólk var á annað borð farið af stað.

Og hér sitjum við nú með tveggja daga dagskrá, beiðni til þriggja ráðuneyta um fjárhagsstuðning og hugsað hefur verið fyrir öllum þörfum þátttakenda. Um þetta er gott eitt að segja og til fyrirmyndar hve fræðslunefndin hefur unnið vel.

Við hér úti á landsbyggðinni þurfum sennilega ekki að streka fyrri beiðni okkar um að fræðslufundir félagsins verði framvegis með öðrum hætti en verið hefur, þ.e. tveggja tíma fyrirlestur eftir vinnu í miðri viku.

Við félagsráðgjafar erum flinkir í að setja okkur í spor annarra og skilja hvað fólk finnst og hvernig því líður við ótrúlegustu aðstæður og því segi ég við ykkur í fræðslunefndinni:

Setjið ykkur endilega í spor okkar hér úti á landsbyggðinni næst þegar þið skipuleggið fræðslufundi félagsins.

Starf félagsráðgjafa á landsbyggðinni Frá Húsavík

Guðrún Bragadóttir, félagsráðgjafi á Húsavík



Ég hóf störf sem félagsráðgjafi við heilsugæslustöðina á Húsavík þann 1. september 1986. Ég hafði þá verið búsett á Húsavík í þrjú ár og allan tímann haft talsverðan áhuga á að komast í vinnu í mínu fagi.

Það verður að segjast eins og er að ekki er auðvelt að fá vinnu sem félagsráðgjafi úti á landsbyggðinni og skilningur bæjaryfirvalda á því í hverju starfið er fólgið og hvort þörf er á slíkri þjónustu er lítil. Eftir að ég hafði talað við framámennt bæjarfélagsins og dregið fram dekkri hliðar þessa annars ágæta samfélags, sem ég bý í, sendi ég inn umsókn um starf félagsráðgjafa. Sá ljóður var reyndar á að staðan hafði ekki verið auglýst og var ekki til á fjárlögum. Síðan fór ég í langt frí til útlanda. Þegar ég kom heim aftur eftir tvo mánuði var ég ekkert sérlega vongóð en þó fremur óþolinmóð þegar ég opnaði póstinn; því miður, ekki orð um að ég væri orðin virðulegur félagsráðgjafi á Húsavík. Nokkrum dögum seinna frétti ég að búið væri að ráða mig sem félagsráðgjafa við heilsugæslustöðina. Þetta kom mér mjög á óvart þó að ég vissi að heimild til slíks væri í lögum um heilsugæslustöðvar og mér var ekki kunnugt um að heimildin hefði verið nýtt áður. Fljótlega kom í ljós að auk stöðunnar við heilsugæslustöðina átti ég að vera starfsmaður félagsmálaráðs.

Þann 1. september mætti ég svo til vinnu. Ég vissi að þröngt var á þingi á heilsugæslustöðinni en mér var samt afhent lítil kompa á gamla sjúkrahúsinu til bráðabirgða meðan verið var að tæma og mála herbergi sem átti að verða skrifstofa félagsráðgjafans. Smám saman tókst að útvega það allra nauðsynlegasta af innanstokksmunum og mér fór að líða nokkuð virðulega. Að vísu var ég í hálfgerðu losti, vissi varla hvemig ég átti að nálgast skjólstaðinga eða hvemig væri best að skipuleggja starfið. Þær nöfnur mínar á Akureyri skutu yfir mig skjólshúsi í nokkra daga og fékk ég að endurnýja þar kynni mín af afgreiðslu mála af ýmsum toga. Þormóður á geddeildinni tók jafnframt á móti mér og eftir þessar heimsóknir leið mér talsvert betur því að þótt Akureyri sé í talsverðri fjarlægð frá Húsavík erum við þó á sama landshlutanum.

Ég er enn sem komið er í bráðabirgðahúsnæði á gamla sjúkrahúsinu en í nýrri heilsugæslustöð, sem er verið að byggja, er gert ráð fyrir skrifstofu félagsráðgjafa.

Einna erfiðast var í upphafi að auglýsa sjálfa sig. Að vísu var tekið viðtal við mig í bæjarblaðinu og nokkrar auglýsingar um að ég hefði hafið störf birtust þar. Einstaka maður leitaði til mín en til að koma mér á framfæri fór ég ásamt iðju-

þjálfu, sem var nýkomin til starfa, að heimsækja ellilífeyrisþega á Húsavík. Tilgangurinn var að kynna þá þjónustu, sem bærinn bauð upp á, og jafnframt starfsemi okkar. Samstarf við aðra starfshópa á heilsugæslustöðinni fór mjög hægt af stað en hefur aukist jafnt og þétt og er nú allgott. Samstarf við skóla, sálfræðing og lögreglu er einnig alltaf að batna og aukast.

Skjólstaðingum er ýmist vísað til mín af læknum, hjúkrunarlíði og öðrum eða þeir hafa samband sjálfir. Breiddin í málum er mikil þó að sbúar í bænum séu aðeins 2500 en þess ber að gæta að sveitirnar í kring eru fjölmennar og vegna þess að ég starfa á heilsugæslustöðinni heyra mál þeirra einnig undir mig. Hvað varðar barnaverndarmál er ég starfsmaður félagsmálaráðs Húsavíkurkaupstaðar en barnaverndarnefndir í nágrannahreppum hafa samstarf við mig þegar þær óska þess. Í sumum tilfellum fer ég með öll mál í barnaverndarnefndunum og í önnur skipti annast ég einstök mál.

Þetta fyrirkomulag er á margan hátt ágætt en þar sem ég er aðeins í hálfu starfi vill vinnudagurinn oft verða ódrjúgur. Inn á milli koma svo rólegar stundir þótt þær verði æ sjaldgæfari.

Einn aðalkosturinn við lítið samfélag er sá að stofnanir þess eru nálægar hver annarri og persónuleg kynni af starfsfólki flýta fyrir afgreiðslu mála. Aftur á móti er langt til Reykjavíkur og oft seinlegt og pirrandi að reyna að ná í einhvern símleiðis sem er á fundi, upptekinn, í kaffi eða hefur skroppið frá þegar vinnutíminn er aðeins fjórir tímar á dag. Ég hef ekki enn tileinkað mér þann sið að hringja heim til starfsfélaga, enda fæstir í símaskránni, þó að þeir hringi heim til mín. Hvað varðar skjólstæðinga hefur mér gengið ótrúlega vel að einskorða afskipti mín við vinnutímann. Ég fer þó varla út úr húsi án þess að hitta einhvern sem hefur leitað til mín og verstir eru

skemmtistaðirnir, sér í lagi kvennaklósettin, þar er alltaf einhver sem þarf nauðsynlega á mér að halda. Erfiðast er þegar þetta gengur út yfir fjölskylduna enda hafa mörg tár fallið yfir afskiptasemi mömmu af billjarðstofunni, skemmtistöðum og myndbandaleigum.

Þegar ég lít til baka yfir þau fjögur ár, sem ég hef verið í starfi, sé ég margt sem betur mætti fara og margt sem hefur breyst á þessum tíma. Ég get þó alls ekki lokið þessum línum án þess að nefna fræðslufundi SÍF en eins og við vitum eru þeir haldnir um það bil einu sinni í mánuði, fjóra tíma í senn. Ég hef oft haft mikla löngun til að fara á einhvern þessara funda

en því miður er það ekki gerlegt þar eð farið til Reykjavíkur frá Húsavík og til baka kostar litlar 11.000.- kr. Því spyr ég hvort hægt sé að taka saman þau erindi, sem flutt eru á fræðslufundunum, og selja okkur dreifbýlisfólkinu. Ég vil einnig nefna að þegar ég byrjaði að starfa hér sárvantaði mig einhverskonar bækling með upplýsingum um störf félagsráðgjafa. Íðjupjálfar hafa gefið út svona bækling sem er mjög góður. Ég geri að vísu ekki ráð fyrir að slíkur bæklingur sé nauðsynlegur á Reykjavíkursvæðinu en þar sem gera má ráð fyrir að stöðum félagsráðgjafa úti á landi fjölgi í framtíðinni kæmi hann áreiðanlega að gagni.

Starf félagsráðgjafa á landsbyggðinni Frá Akureyri

Valgerður H. Bjarnadóttir, verkefnisfreyja í samnorræna
verkefninu „Brjótum múrana“



Árið 1980 var bjart yfir framtíð félagsráðgjafa á Akureyri. Á félagsmálastofnun starfaði einn félagsráðgjafi auk félagsmála- stjóra, sem er sálfræðingur, og félagsmálafulltrúa sem var með BA í sálarfræði. Stofnunin hafði nokkuð lengi þekkt til félagsráð- gjafa þar sem fyrsti félagsmálastjóri okkar Akureyringa, Björn Þór- leifsson, kom hingað 1974 frá Bygdöy-skólanum í Noregi og hóf uppbyggingu félagsráðgjafa á Akureyri. Um tíma kom bakslag í stéttina en 1980 vann sem sagt einn fulltrúi hennar á félagsmálastofnun, Nanna Mjöll Atladóttir. Félagsráð- gjöf utan félagsmálastofnunar var þá hins vegar óþekkt fyrirbrigði hér. En þá gerðist undrið.

Þríeykið

Frá haustmánuðum og fram á vor fjölgaði félagsráðgjöfum í þrjá. Ég var ráðin að Fjórðungssjúkrahúsínu í október og skyldi starfa þar á öll- um deildum og í febrúar 1981 hóf Karólína Stefánsdóttir störf við Ráðgjafar- og sálfræðideild skóla. Það var bjartsýnt þríeyki sem hitt- ist reglulega á fundum um þróun félagsráðgjafa á Akureyri. Lífið var rétt að byrja.

Möguleikarnir voru ótakmarkaðir, verkefnið ótæmandi, við vorum

fullar af snjóllum hugmyndum. Okkur var oftast vel tekið af skjól- stæðingum og flestu samstarfsfólki, ekki síst á nýju stöðunum tveimur, Fjórðungssjúkrahúsínu og Ráð- gjafar- og sálfræðideild skóla. Smáhindranir sem við mættum öðru hverju í kerfinu, nokkrir hik- andi eða jafnvel andsnúnir fulltrúar annarra stétta, allt þetta mátti auðveldlega afgreiða sem byrjun- arörðugleika.

Samstarf okkar vakti með okkur þvílka bjartsýni að okkur fannst allur heimurinn þurfa að njóta félagsráðgjafa. Áður en við vissum af höfðum við ásamt nokkrum öðrum konum, sem voru félagsráð- gjafar í anda, stofnað öflugan jafn- réttishreyfingu á Akureyri. Starf hennar byggðist á umræðuhópum - sjálfstyrkingarhópum - og þannig færðist starfsemin, sem fram að því hafði verið bundin stofnunum okkar, út fyrir þær. Í framhaldi af stofnun jafnréttishreyfingar og í beinu samhengi við starf okkar þriggja á félagsmálastofnun, sál- fræðideild skóla og sjúkrahúsínu tókum við allar virkan þátt í kvennaframboði til bæjarstjórnar- kosninga á Akureyri 1982.

Þessi saga kann að líkjast eins kon- ar afrekaskrá, en ég nefni félags- málaþróun okkar í þessu samhengi vegna þess að það tengist málinu beint og þegar ég hugsa til baka til

þessa tíma renna félagsmálastarfið og félagsráðgjafastarfið saman í eina heild, hvort var öðru háð.

Kvennabaráttan lá beint við

Í fyrsta lagi varð starfið á stofnun- unum til þess að við fundum hjá okkur knýjandi þörf til að hafa áhrif á samfélagið, sem við bjuggum og unnum í, ekki síst hvað varðaði stöðu kvenna. Við erum sjálfar konur í dæmigerðri kvennastétt og flestir skjólstæðingar okkar voru konur, mæður skólabarna, fátækar konur, verðandi mæður, dætur gamalla foreldra, gamlar einstæðar konur, eiginkonur alkóhólísta o.s.frv. Um þetta leyti fengum við líka í hendur plagg frá alþjóða- samtökum félagsráðgjafa, Yfirlýs- ing um málefni kvenna, sem hafði mjög hvetjandi áhrif.

Í öðru lagi er auðsætt þegar litið er til baka að ör uppbygging félags- ráðgjafa og þau áhrif, sem við gát- um á þessum tíma haft á vinnu- stöðum okkar, fylltu okkur af von og enn árið 1981 vorum við bjart- sýnar á að hægt væri að breyta heiminum.

Í þriðja lagi átti þessi þáttur í lífi okkar og starfi eftir að hafa afdrifarík áhrif á stöðu félagsráð-

gjafar á Akureyri, bæði til hins betra og verma.

Ör uppbygging – aukin áhrif

Við skulum nú vskja aftur að þróun starfsins eða starfanna, stöðum og áhrifum. Uppbyggingin hélt áfram af fullum krafti. Haustið 1982 var Unnur Ingólfssdóttir ráðin að Fjórðungssjúkrahúsinu og fljótlega bættist Hrefna Ólafsdóttir í hópinn. Ég hafði farið í barnseignarfrí 1983 en kom aftur 1984 í hálfu stöðu. Stofnuð var félagsráðgjafadeild Fjórðungssjúkrahússins með tvö og hálf stöðugildi. Annar félagsráðgjafi, Guðbjörg Þórðardóttir, var ráðinn að sálfræðideild skóla og árið 1984 vorum við orðnar fimm í starfi á þessum stofnunum.

Hin öra uppbygging og öflugt starf okkar í kerfi, sem ekki var vant félagsráðgjöfum, varð smám saman nokkuð ógnandi í þessu litla samfélagi og höfðu tengsl okkar við stjórnmálin eflaust líka eitthvað að segja. Við vorum komnar með fúð vifa í kerfinu. Á fjórum árum höfðum við náð áhrifum á vinnustöðum okkar, það var ekki hægt að komast hjá því að hafa samráð við okkur í málum.

Á sjúkrahúsinu voru reyndar einstöku lækningar sem gerðu okkur fljótt ljóst að þeir óskuðu ekki eftir þjónustu okkar á deildum sínum og við létum það gott heita. Við vorum farnar að veita aðhald í kerfinu og gerðum auk þess kröfur. Andstaðan gegn okkur og starfsaðferðum okkar magnaðist eftir að stofnuð var félagsráðgjafadeild og gekk svo langt að málefni félagsráðgjafar við Fjórðungssjúkrahúsið voru tekin fyrir á fundi stjórnar sem alvarlegt vandamál. Því var haldið fram að félagsráðgjafar stunduðu skottulækningar og teygðu arma

sína út fyrir veggi stofnananna. Slíkt yrði að stöðva. Við vorum þó aldrei kallaðar á fund vegna þessara mála og ekki gripið til aðgerða gegn okkur, við fréttum bara af umræðunum og fundum seigluna í andstöðunni.

Ný áhersla kerfisins á aukna „framleiðni“ varð til þess að sú öflugra teymisvinna, sem hafði verið byggð upp á Ráðgjafar- og sálfræðideild, fór að eiga erfitt uppdráttar. Hún var of seinvirk fyrir kerfið. Starfsaðferðir félagsráðgjafa samræmdust ekki kröfum hins einangraða heilbrigðis- og skólakerfis um árangur.

Kastali hugsjónanna hrynur

Vorið og sumarið 1985 hættum við störfum allar fimm, tvær á Ráðgjafar- og sálfræðideildinni og þrjár á sjúkrahúsinu. Ein fór í barnseignarfrí, tvær fluttust úr bænum og tvær skiptu um starf og vinnustað.

Vissulega mátti skýra skyndileg og mögnuð endalok þessarar merku uppbyggingar með því að aðstæður okkar allra breyttust og eflaust væri hægt að færa rök fyrir því að við hefðum allar hætt þótt vel hefði gengið, en mér segir svo hugur að endalokin hafi ekki verið nein tilviljun.

Við mættum gífurlegri andstöðu þar sem við unnum og að því kom að baráttan gegn henni tók of mikla orku. Kerfið vildi losna við þessar aðskotaverur og hafði betur, við fórum. Það hefur svo rennt stöðum undir þessa tilgátu mína að ekki hafa verið ráðnir aðrir í okkar stað. Við Fjórðungssjúkrahúsið var til samþykkt fyrir tveimur og hálfri stöðu, einni við geðdeild og einni og hálfri við vefrænar deildir. Sumarið 1985 voru auglýstar lausar

stöður, ein umsókn barst, frá Pormóði Svavarssyni, og var hann ráðinn í stöðuna sem eingöngu er bundin geðdeildinni. Síðan hefur ekki verið auglýst og ekki ráðið í þá einu og hálfu stöðu sem til er við vefrænu deildimar og þegar félagsráðgjafar hafa sóst eftir því starfi hefur þeim verið vísað frá. Hin mikla uppbygging sem unnið hafði verið að í fimm ár, ekki síst við barnadeild og kvennadeild, varð að engu.

Ekki hefur verið auglýst eftir félagsráðgjafa hjá Ráðgjafar- og sálfræðideildinni síðan þær stöllur hættu þrátt fyrir skýr lagaleg ákvæði þar um. Veturinn 1986-1987 hafði Kristján Josteinson aðsetur á deildinni í tengslum við náms- og starfsfræðsluverkefni sem þá var verið að vinna við grunnskólana og var hann í stöðu námsráðgjafa. Nú starfar enginn félagsráðgjafi í skólamálum á þessu svæði.

Bréfaskriftir og eftirrekstur

Einhverjir vilja kannski útskýra skort á félagsráðgjöfum með áhugaleysi stéttarinnar og uppgjöf, en ekki er hægt að segja að fulltrúar hennar hér fyrir norðan hafi setið með hendur í skauti og látið afskiptalaust að stofnanimar legðu niður þá þjónustu sem okkur er ætlað að veita samkvæmt lögum.

Pormóður hefur rekið á eftir því reglulega að stöðumar við Fjórðungssjúkrahúsið væru auglýstar en ekki fengið jákvæð viðbrögð. Ég hef sjálf gengið oftar en einu sinni á fund framkvæmdastjóra í sömu erindagjörðum því að mér finnst ég enn bera nokkra ábyrgð á þessari deild sem óx og dafnaði þarna í fimm ár. Mér hefur verið tjáð að ekki verði ráðið í stöðumar fyrr en læknað hafi samið starfslýsingu

fyrir félagsráðgjafa. Þá megum við bíða lengi...

Í vor sóttist félagsráðgjafi eftir stöðu við Fjórðungssjúkrahúsið en fékk synjun. Hann hafði þá samband við SÍF sem mér skilst að hafi skrifað ráðuneytinu bréf, ráðuneytið skrifaði stjórn sjúkrahússins og framkvæmdastjóri þess svaraði ráðuneytinu. Enginn þessara aðila hafði samband við yfirfélagsráðgjafa sjúkrahússins. En hvað um það, niðurstaðan varð engin nema hvað nú hefur verið staðfest með nokkrum bréfum milli stofnana að enginn félagsráðgjafi er starfandi við vefrænar deildir Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar og ekki stendur til að breyta því.

Þegar Karólína hætti störfum við Ráðgjafar- og sálfræðideild skóla skrifaði hún SÍF og menntamálaráðuneytinu bréf þar sem hún gerði grein fyrir uppsögn sinni og þeirri hættulegu þróun sem ætti sér stað á fræðsluskrifstofunni. Ekkert svar, engin viðbrögð.

Er landsbyggðin eitthvað sérstök?

Þessi skrautlega en dapurlega saga hefði eflaust getað átt annað sögusvið en þennan fagra bæ. Hvað kemur hún félagsráðgjöf á landsbyggðinni við? Hefði sögusviðið t.d. ekki getað verið Reykjavík?

Ég held varla. Ekki svo að skilja að ég álsti að uppbygging félagsráðgjafar þar sé dans á rósum, síður en svo, mörg þeirra grundvallaratriða sem ég hef fjallað um hér að framan eiga alls staðar við. En það sem einkum er erfitt hér og enn erfiðara á stað eins og Húsavík er fæðin, lífið úrtak. Maður kemur ekki sjálfkrafa í manns stað, allra síst ef hann er ekki velkominn. Fjarlægðin frá öðrum starfsfélögum og stéttar-

félaginu gerir okkur cinangruð í starfi og það mæðir meira á hverjum einstaklingi en í samfélagi þar sem tugir félagsráðgjafa eru búsettir.

Enn spretta laukar, enn gala gaukar...

Enn er þó svo að hér í bæ eru félagsráðgjafar og þótt við létum allar af störfum árið 1985 var enginn endi bundinn á þá byltingu sem ég sagði frá í upphafi. Enn erum við mikilvægur drifkraftur í félagslegu þróunarstarfi hér í bænum.

Tveir félagsráðgjafar, Guðrún Sigurðardóttir sem er deildarstjóri og Brynja Óskarsdóttir, starfa nú við nýendurskipulagða ráðgjafardeild Akureyrarbæjar - áður félagsmála-stofnun. Guðrún Frímannsdóttir er í leyfi þaðan tímabundið.

Þormóður starfar enn við geðdeild Fjórðungssjúkrahússins, sem vart hefur slitið barnskónum, og mun hann vonandi halda út lengur en í fimm ár.

Kristján Jósteinsson starfar hjá svæðisstjórn sem forstöðumaður sambýlis.

Karólína vinnur hörðum höndum við Heilsugæslustöðina á Akureyri og er að byggja þar upp fjölskylduráðgjafardeild, þá fyrstu sinnar gerðar á Íslandi.

Loks er svo ég sem starfa að verkefninu Brjótum múrana. Þar er ég enn að reyna að breyta þjóðfélaginu svo að það henti betur konum og styrkja konur í að takast á við lífið.

Það er því engin uppgjöf í okkur hverju um sig en eitthvað vantar. Á gullöldinni frá 1980-85 var samstarf félagsráðgjafa mjög öflugt eins og ég nefndi hér að framan og við áttum einnig skemmtilegt og gef-

andi samstarf við aðra starfshópa, bæði geðlækni, sálfræðinga og geðhjúkrunarfræðinga. Sá hópur fékk m.a. Huldu Guðmundsdóttur til að veita handleiðslu og er reyndar ekki hægt að tala um uppbyggingu félagsráðgjafar á Akureyri án þess að geta hennar nokkrum sinnum. Ferðir Huldu norður yfir heiðar til að handleiða félagsráðgjafa og samstarfsfólk þeirra á öllum þessum stofnunum eru ófár og þannig hefur hún verið mikilvæg orkulind í margumræddri þjóðfélagsmótun.

Félagssál

Samstarfshópur, nefndur „Félagssál“, stóð fyrir ráðstefnu við Fjórðungssjúkrahús Akureyrar um barnamishyrmingar auk ótal fræðslufunda. Um tíma stefndum við verulega hátt og má í raun segja að við höfum stofnað háskóla hér í bæ. Háskólanám í fjölskylduráðgjöf varð þó aldrei nema stofninn, tröð hefur ekki enn náð að laufgast.

Síðustu misseri hefur verið almenn deyfð yfir öllu félagslífi og á það við um fleiri en félagsráðgjafa. Við höfum t.d. ekki haldið áfram fræðslufundunum góðu en eyðum í staðinn orkunni í að ergja okkur út í ykkur sem haldið fundi og boðið okkur á þá skriflega eitthvert miðvikudagskvöldið eftir vinnu. Óniðurgreiddur flugmiði AEY-REK-AEY kostar rétt um 10.000 kall...

Stundum ber þó ergelsið ávöxt og er þessi ráðstefna dæmi um það. Ég velti því fyrir mér þegar ég frétti af glæsilegri þátttöku í ráðstefnunni hvað það væri sem drægi nú sjötíu starfsfélaga norður yfir heiðar, minnug þess að árið 1984 þegar við þessar bjartsýnu höfðum hafið undirbúning að ráðstefnu um hlutverk félagsráðgjafa í málefnum kvenna, með grunn í áðurnefndu

skjali IFSW, var henni aflýst vegna ónógrar þátttöku.

En ég ætla ekki að ergja mig yfir því heldur gleðjast yfir að félagskonur og -karlar skuli ákveða að hittast hér til að fagna 25 ára afmæli félagsins.

Að anda saman

Hafið þið heyrt um samsæri vatnsberanna? Ég ætla að útskýra það í örstuttu máli fyrir þeim sem ekki vita hvað það er.

Fyrst er rétt að taka fram að samsæri er þýðing á grísk/enska orðinu „conspiracy“ sem í raun þýðir að anda saman. Vatnsberar eru boðberar nýrrar hugsunar, nýs verðmætamats, vatnsberaaldarinnar. Samsærið teygir sig nú á nýnda áratugnum um víða veröld. Þetta er ekki skipulagt samsæri í venjulegri merkingu þess orðs en þó engin tilviljun. Í því er engin stefna en þó villist samsærisfólkið ekki af leið. Það er ósýnilegt en þó finnum við áhrif þess alls staðar.

Blómabörmin, sem gengu í skóla stúdentalþytingar, hippamenningar

og indverskrar heimspeki á árunum eftir 1968, eiga fleira sameiginlegt en „nostalgískan“ áhuga á Janis Joplin, Joan Baez, Bob Dylan og Woodstock. Þau - eða við - fengum á þessum árum félagsmótun sem hefur vissulega ruglað okkur og tætt. Við erum toguð á milli tágastólanna og leðursófanna, kerta-ljóssins og kastaranna, frjálsra ásta og hins tryggja fjölskyldulífs og þar með er ekki öll sagan sögð. Um allan heim er afrakstur byltingarinnar nú að koma í ljós. Það er okkar kynslóð sem er nú að fá ftök í stofnunum, félögum, ríkisstjórnunum og víðar og við færum nýja vidd inn á þessa staði, afrakstur byltingarinnar. En ekki allir af kynslóð okkar, sumir hafa alveg gleymt fræðunum og að hugsjón hafi nokkum tíma verið til.

Félagsráðgjafar eru meðal hinna eftirlifandi blómabarna. Við fengum fræðin ekki bara í gegnum tónlist, reykelsi og bækur heldur líka í skólanámi okkar. Störf okkar minna okkur sífellt á hugsjónina og þrátt fyrir árin tuttugu og fimm erum við enn að berjast fyrir tilverurétti okkar. Þetta gerir okkur auðvitað dálítið rugluð og segja má að við eyðum óþarflega mikilli orku í að berjast innbyrðis en við

erum mikilvægur hlekkur í samsæri vatnsberanna. Á okkur hvílir sú ábyrgð að hafa áhrif á samfélag okkar, hvort sem það er Reykjavík, Húsavík eða Hólmavík. Sú ábyrgð hvílir á félaginu okkar að styðja hvert og eitt okkar í viðleitninni til þess ama.

Sagan sem ég sagði hérna áðan um nokkra félagsráðgjafa - vatnsbera á Akureyri á nýnda áratugnum - er gott dæmi um áhrif samsærisins í litlu samfélagi. En nokkrir litlir vatnsberar halda ekki út endalaust ef ekki kemur til viðurkenning, hvatning, samvinna og samstaða þeirra innbyrðis og utanfrá.

Þar hefur Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa verðugt verk að vinna.

Heimildir

- Áður óskrásettir minningar ofanritaðar, Karólínu Stefánsdóttur og Þormóðs Svavarssonar, e.t.v. bínar að taka á sig ljósflöubláan blæ fjurlægðarinnar.
- Bréf og skráðar heimildir úr möppum ofanritaðra.
- Marilyn Ferguson: The Aquarian Conspiracy.

Félagsráðgjöf og fjölmiðlun

Guðrún Ögmundsdóttir, félagsráðgjafi
á kvennadeild Landspítalans



Í hugum flestra okkar er fjölmiðlun fyrst og fremst stóru fjölmiðlamir, þ.e.a.s. útvarp, sjónvarp og dagblöðin, en í raun er hún miklu víðtækari en svo. Fjölmiðlum má skipta eftir stærð og innihaldi í þrjá eftirtalda flokka:

- 1) Stóra almenna fjölmiðla.
- 2) Meðalstóra eða litla almenna miðla.
- 3) Sérhæfða faglega miðla.

Í fyrsta flokki eru hefðbundnu fjölmiðlamir, útvarp, sjónvarp og dagblöð að viðbættum títum með mikla útbreiðslu, s.s. Heimsmynd, Nýtt Líf, Þjóðlíf, Mannlíf o.s.frv. Í öðrum flokki er alls kyns önnur útgáfustarfsemi, s.s. bæklingar og minni títum og í þriðja flokki má segja að sé miðlun alls kyns faglegs efnis, þó einkum í prentuðu máli. Þar má t.d. nefna ýmis fagtítum, bæklinga með sérhæfðum upplýsingum, hvers kyns fagbókmenntir svo og útgáfu ýmissa rannsókna. Hér er tilvalið að nefna sem dæmi sjónvarpsþætti um málefni fatlaðra, „Haltur ríður hrossi“, sem Öryrkjabandalag Íslands stóð að meðal annarra.

Allt er þetta miðlun og spyrja má hvemig við höfum nýtt okkur og getum nýtt okkur þessa miðla til framdráttar fagi okkar. Ég mun ekki fara hér út í greiningu á tilteknum miðlum eða útskýra hvað felst t.d. í því að gera sjónvarps-

mynd heldur vil ég fyrst og fremst varpa fram hugmyndum um það sem hægt er að gera á hinum ýmsu sviðum. Ég tel að fjölmiðlun geti verið liður í að auka fagvitund okkar og gera okkur þar með hæfari til að miðla því sem við erum að vinna að dags daglega, hvort sem það er í náminu sjálfu, á sérsviði okkar og/ eða í stéttar/faglegu samhengi.

Hvernig er hægt að koma starfsgrein okkar betur á framfæri og hvemig förum við að því? Eitthvað hefur verið um að við vinnum persónulega við fjölmiðlun, t.d. sjónvarpsviðtöl, sjónvarpsþáttagerð, stjórnun og umsjón útvarpsþátta, greinaskrif í blöð, þá minni ég á greinaskrif í verkfalli, greinaskrif í títum og ýmis útgáfumál. Alltaf er eitthvað um slíka vinnu og er það vel því að allt verður það til þess að eftir okkur er tekið þótt í mismiklum mæli sé. Eflaust er til talsvert af efni á vinnustöðum sem nýtist þeim hverjum fyrir sig og væri gagnlegt að taka slíkar upplýsingar saman til að þær geti komið öðrum að gagni en þarf ekki félag sem þetta að gera eitthvað fleira til þess að auka fagvitund og kynna almenningi störf sín?

Ytri og innri miðlun

Mig langar til að koma með hugmyndir um það sem við getum gert

og hef ég skipt þeim grófllega upp í svið. Á hverju sviði má tala um ytri og innri miðlun, þ.e.a.s. ytri miðlun er það sem við látum frá okkur og getum kallað „að afhenda almenningi“ og innri miðlun eru þættir sem nýtast okkur sem félagsráðgjöfum til að auka sjálfs-traust okkar og þekkingu og styrkja okkur innbyrðis. Þessar hugmyndir mínar eru fyrst og fremst ætlaðar sem umræðugrundvöllur og ég efast ekki um að hér munu koma fram margar góðar hugmyndir sem verða bæði faginu og félaginu til framdráttar. Sviðin sem ég vil nefna eru þessi:

- Námið.
- Fagið sjálft/dagleg vinna.
- Félagið.

Getur eitthvað í náminu sjálfu nýst betur þeim félagsráðgjöfum sem lokið hafa námi og/ eða þar sem við erum að vinna? Vantar einhvern þátt í námið sem myndi gera okkur hæfari til að vinna úr því sem við höfum í höndunum? Hér er ég að hugsa um ýmis námskeið í ritlist, miðlun og þekkingu á því hvemig efni er komið til vissra markhópa og gildir þetta um alla miðla.

Félagsráðgjafanemar á fjórða ári í Háskóla Íslands gefa út blað sem hefur ávallt verið áhugavert. Gæti ekki eitthvað af efni þess nýst á annan hátt, t.d. í blöðum með meiri útbreiðslu? Einnig mætti hugsa sér

að vinna upp úr því bækling eða annað sem að gagni gæti komið. Þá hef ég velt því fyrir mér hvort gerð fræðsluefnis um markvissa framsetningu sérhæfðs efnis ætti ekki einnig að vera liður í náminu. Slíkt námsefni myndi nýtast flestum okkar þegar út í hið daglega líf kemur og gera okkur hæfari til að miðla því sem við erum að vinna við.

Í þessu sambandi vaknar spurningin hvort ekki eigi að stefna að því markmiði í næstu framtíð að koma á samvinnu við aðrar greinar í Háskóla Íslands, t.d. hjúkrunarfræði og sálarfræði. Ég tel nauðsynlegt að þegar sé byrjað að vinna með öðrum faghópum á námstímanum.

Snúum okkur nú að félagsráðgjöf á hinum ýmsu sviðum og byrjum á að varpa fram þessum spurningum: Ber okkur að upplýsa skjólstæðinga okkar betur en við gerum nú? Eigum við að ganga fram fyrir skjöldu og taka ábyrgð á slíku upplýsingastreymi? Ber okkur að koma með tillögur að gerð útgáfuefnis eða standa að greinaskrifum ef okkur finnst brotið á skjólstæðingum okkar?

Ég tel að sem fagaðilar eigum við að koma mun meira inn í alla umræðu um þessi mál á vinnustöðum okkar og hafa frumkvæði að slíku upplýsingastreymi. Nauðsynlegt er að félagsráðgjafar á hverri stofnun fyrir sig thugi þörfina, skoði það efni sem gefið hefur verið út og kanni hvort ekki er þörf á sérhæfðum upplýsingum. Ég þekki ekki til allrar útbreiðslustarfsemi á vegum hinna ýmsu stofnana og er því nærtækast fyrir mig að líta á vinnustaðinn sem ég vinn á, þ.e. Kvinnadeild Landspítalans. Eigum við sem þar vinnum að standa að gerð upplýsingaefnis um t.d. fóstureyðingar, kynlífsfræðslu og glasafrjóvgvun svo eitthvað sé nefnt? Þetta eru þeir málaflokkar

sem tengjast starfi okkar mest. Eigum við að bjóða fram krafta okkar í samvinnu við aðrar stéttir spítalans? Eigum við að fara út í skólana með efni af þessu tagi?

Ég er viss um að við sem erum stödd hér á þessari ráðstefnu erum með ótal hugmyndir um efni sem við myndum vilja koma frá okkur öðrum til gagns og útbreiðslustarfsemi af þessu tagi myndi vekja athygli á fagi okkar og störfum.

Félagsráðgjafar á Landspítala hafa útbúið bækling sem er í alla staði mjög góður. Í honum koma fram markmið og tilgangur félagsráðgjafar á spítalanum, hvert starf okkar er og hvemig við getum aðstoðað sjúklinga. Talsverð vinna liggur að sjálfsögðu að baki þessum bæklingi en einn galli er á þessari gjöf til fólksins - það er ekki hægt að láta hann liggja frammi því að vitað er að við sem vinnum þarna gætum ekki annað eftirspurninni sem kynni að fylgja í kjölfarið. Því spyr ég: Hvert er þá markmiðið með útgáfu bæklingisins?

Ég ætla að láta þessar hugmyndir og vangaveltur um starfið nægja í þessum pistli en ég veit að hér munu verða lífligar umræður um þessi mál.

Fræðsla og útgáfustarfsemi

Hvað félagið varðar eru þar margir möguleikar á fræðslu og upplýsingastarfsemi. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um „innri miðlun“ okkar sem felst kannski fyrst og fremst í útgáfu „málþpu“ sem hefur þó ekki átt sérlega stóran sess. Úr því þurfum við vitaskuld að bæta. Þá má nefna að félagsfundir eru innri miðlun en helsti vettvangur okkar félagsmanna er auðvitað starf fræðslunefndar félagsins. Það hefur gengið sérstaklega vel og er þessi

fjölsóttá námsstefna sem við sitjum nú m.a. afrakstur af starfi fræðslunefndarinnar.

Ef við snúum okkur nú að „ytri miðlun“ félagsins má nefna Félagsráðgjafann svo og greinaskrif í síðasta verkfalli. Greinaskrifin vöktu athygli á félaginu og fólk kynntist betur starfsvettvangi félagsráðgjafa. Hvað getum við gert betur á þessum vettvangi? Að vísu er ekki um stórt félag að ræða en ég tel hins vegar að við höfum sem fagaðilar frá mörgu gagnmerku að segja um samfélagið sem við búum í og hvemig það virkar.

Nú á dögunum barst félaginu tilboð um gerð myndbands um störf félagsráðgjafa. Það var hugsað sem liður í námskynningu og átti að sýna það á Stöð tvö. Kostnaður var hins vegar talsverður og þá kom kannski skýrast í ljós hversu lítið félagið er í raun og veru því að fjárráðin voru ekki þannig að félagið sæi sér fært að taka þessu tilboði. Uppbygging myndarinnar var hugsuð á eftirfarandi hátt:

Inngangur:

Hver þáttur myndi hefjast á „montage“-eða svipmyndum af fólki við störf í viðkomandi grein. Þaryrði lögð áhersla á að sýna fjölbreytileika starfsins og þeim einstaklingum sem síðar yrðu helstu viðmælendur í þættinum myndi bregða fyrir. Sögumaður myndi kynna einstaklingana og aðstæður þeirra og fjölbreytt myndefni yrði notað til þess að gera þetta líflégt og áhugavert.

Starfið almennt:

Í hverju felst það? Viðtöl við atvinnumanninn, hann lýsir starfi sínu og segir frá því hvaða störf komi til greina fyrir þá sem fara til náms í viðkomandi fagi.

Námið:

Hvar er kennt, hvemig fer kennslan fram, hvaða réttindi veitir námið? Viðtöl við kennara og nemendur. Hvers vegna völdu þeir þetta fag? Er þeir ánægðir? Er þetta eins og þeir höfðu búist við? Fjöldi nemenda og mögu-

leikar á atvinnu. Hvaða augum líta þeir framtíðina og hverju vonast þeir eftir?

Framhaldsnám:

Hvar, hvert er hægt að fara, hvað er hægt að læra og hvaða réttindi gefur það?

Starfsþjálfun:

Hversu lengi þarf að vinna til að fá starfsréttindi? Er það inni í sjálfu náminu?

Nánar um starfið:

Fjallað um vinnustaði og aðstæður við vinnu. Fagaðilar segja frá starfi sínu, lýsa reynslu sinni og skýra jafnframt frá því hvaða eiginleika þeir telja að menn þurfi að hafa til að geta unnið starfið vel. Hverjir eru tekjumöguleikarnir? Sagt er frá félaginu sem tengist faginu, ýmsum almennum réttindum o.fl. Hvaða þýðingu hafa þessi störf fyrir hinn almenna borgara og hvað læra þau almenningi?

Í lok myndarinnar yrði niðurlag þar sem það helsta væri dregið saman.

Þessi hugmynd er á margan hátt mjög góð og ég hefði sjálf kosið að svona mynd yrði gerð á vegum

Fræðsluvarpsins og í tengslum við námsráðgjöf í Háskóla Íslands. Einnig mætti hugsa sér að Námsgagnastofnun kæmi á einhvern hátt inn í gerð slíkrar myndar með tilliti til starfskynninga í skólum. Mynd af þessu tagi gæti orðið fagi okkar mikil lyftistöng.

Ef haldið er áfram á þessum nótum mætti spyrja sem svo: Á félagið að standa fyrir útgáfu á efni úr könnunum, ritgerðum og rannsóknum, sem félagsráðgjafar vinna að, og bera kostnað af henni? Á þann hátt gæti félagið komið af stað faglegri umræðu um ýmis mál sem verið er að vinna að. Einnig má spyrja: Á félagið að standa fyrir opinberri umfjöllun og gagnrýni á þau lög og lagasetningar sem fram koma og snerta á einhvern hátt skjólstæðingahóp okkar - þann hóp sem við erum talsmenn fyrir? Og áfram: Á félagið að gera kynningarrit um námið/fagið og störf okkar?

Gerð bæklinga um framhaldsnám í félagsráðgjöf er verkefni sem

kjörið væri að byrja á og mætti vinna hann í tengslum við Háskóla Íslands og námsráðgjafana sem starfa þar. Endalaust má finna verkefni sem tengjast fagi okkar og koma mætti til skila til almennings og ég vona svo sannarlega að við munum ræða þetta nánar hér á ráðstefnunni.

Í lokin langar mig til að setja fram eftirfarandi tillögu sem hægt er að framkvæma strax að námsstefnunni lokinni: Félagið gefi út afmælisrit í tilefni 25 ára afmælis félagsins og þar birtist þau erindi sem verða flutt á námsstefnunni hér á Akureyri.

Ég vona að hér verði opnar og frjóar umræður um þau mál sem ég hef reifað og að við gerum okkur ljóst mikilvægi þess að koma fagi okkar og vinnu á framfæri við aðra en okkur sjálf. Ég vil að lokum þakka fræðslunefnd fyrir sérstaklega vel skipulagða og ánægjulega ráðstefnu hér norðan heiða.